

---

## Minnisblað

Dagsetning: 02. júlí 2020  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

### Efni: **Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi skimanir á landamærum og sóttkví ferðamanna.**

---

Frá því að skimanir fyrir COVID-19 á landamærum voru teknar upp þ. 15. júní sl. hafa um 22.000 ferðamenn komið hingað til lands og sýni tekin frá um 16.000 einstaklingum. Virk smit hafa fundist hjá sjö einstaklingum. Einn af þessum einstaklingum er barn sem er undanþegið skimun á landamærum en tveir greindust ekki með smit við skimun. Börn fædd 2005 og síðar eru undanþegin skimun. Ástæða þess að sýnin voru neikvæð við skimunina er vafalaust sú að rannsóknir fyrstu dagana eftir smit geta gefið neikvæða niðurstöðu en talið er að hámarks greiningargeta rannsóknarinnar náist um 4-5 dögum eftir smit.

Ofangreindir tveir einstaklingar hafa hins vegar náð að smita alls 7 einstaklinga innanlands og hefur smitakning leitt til sóttkvíar yfir 400 einstaklinga. Enginn er alvarlega veikur.

Reynslan af skimun á landamærum hefur leitt í ljós þann veikleika að hætt er við að nýlega smitaðir einstaklingar komist ógreindir inn í landið og að þeir sem hafa hér útbreytt tengslanet (Íslendingar og aðrir sem búsettir eru hér á landi) geta smitað fjölda manns.

Til þess að lágmarka áhættuna á ofangreindum smitum þá legg ég til eftirfarandi:

- Íslendingar og aðrir sem búsettir eru hér á landi og taldir eru hafa hér útbreitt tengslanet verði gert við komuna hingað til lands áfram gert að fara í 14 daga sóttkví eða skimun á landamærum.
- Ofangreindum einstaklingum verði gert að fara í sóttkví eftir sýnatöku.
- Þessum einstaklingum verði boðin sýnataka 4-5 dögum eftir upphaf sóttkvíar og ef niðurstaða rannsóknar sýnir ekki merki um veirun þá verði sóttkví hætt. Jákvætt sýni þýðir hins vegar 14 daga einangrun.
- Önnur sýnataka verði skipulögð af sóttvarnalækni í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu, heilsugæsluna, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis.
- Önnur sýnataka verði einstaklingum gjaldfrjáls.
- Stefnt verði að því að þessi framkvæmd geti hafist ekki síðar en 13. Júlí n.k.

Með kveðju

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir